

16 maí 2017.

Fundur nr. 8 á árinu 2017, í aðalstjórnar Vestra, kl 17.00 í Háskólasetrinu.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason og Sigurður Jón Hreinsson.

Gengið til dagskrár:

1. Aðalfundur 2017.

Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að fyrsti aðalfundur Vestra verði haldið 23 maí nk. Unnið að undirbúningi fyrir fundinn. Fundargerðir fyrri stjórnarfunda undirritaðar, rætt um hverja sé hægt að undirstinga sem fundarstjóra og fundarritara.

Á aðalfundinum verður kosið um fjóra stjórnarmenn og tvo varamenn. Eftirfarandi stjórnarmanna losna undan skyldum á næsta aðalfundi, að óbreittu; Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sigurður Hreinsson, Hjalti Karlsson og Pétur Markan. Jafnframt varamennirnir Jón Páll Hreinsson og Anna Lind Ragnarsdóttir. Allir fjórir aðalmennirnir hafa lýst áhuga á að sitja áfram en amk. annar varamaðurinn ætlar að hætta.

Rætt um framsetningu reikninga félagsins. Gjaldkeri með ákveðið plan í þeim efnum, og verður þeim varpað upp með skjávarpa. Einnig er fyrirhugað að prenta út eintök af reikningum einstakra deilda í örfáum eintökum, félagsmönnum til fróðleiks.

2. Stuðningsmannavörur – fjáröflun deilda

Annar flokkur stúlkna í fótbolta hefur óskað eftir heimild aðalstjórnar til að selja derhúfur með merki Vestra, til fjáröflunar. Aðalstjórn tekur jákvætt í erindið en vill fá að sjá útfærsluna áður en framleiðsla og sala hefst.

Fundi slitið kl 17:45.

Fundargerð ritaði Siggí Hreins